

fólksins hafi á stundum verið þaggaðar niður eða kaefðar með langvinnum erli og argaþrasi, um lengra eða skemra skeið, þá er þó ávalt „maðurinn gullið, þrátt fyrir alt“, þegar að sverfa hlekkirnir. Oss skortir ekki svo mjög vitsmunina sem áraðið til þess að leggja hönd á höldu og reyna að stýra voru andlega flaki frá strandi. Vér, sem höfum í frá upphafi kynslóða vorra haft áraði farfuglsins til að kanna ónumin höf og lönd, vér aettum einnig að minnast þess, þegar um landnám andans er að ræða,— að

„djarfmannlegt áraði“ er eldstólpí sá,  
er eyðimörk harðstjórnar leiddi okkur frá,  
og guð, sem mun gefa’ okkur landið!“ — — —



## Undir Hraundranga

Í sælublíðum sunnanblæ  
eg sat þar marga stund,  
er röðull steig úr svölum sæ  
og silfurðöggin græddi fræ,  
um milda morgunstund.

Eg fann þar dalsins yndi og yl  
svo ástarhlýtt og rótt,  
er lautar blómin léku til  
og lækjarúðinn vætti gil,  
og vakti vorið hlýtt.

En fuglinn söng sín frjálsu ljóð  
við frjálsa hlíðarrós,  
og elfan sveigðist sumarhljóð,